

MÓTTEKIÐ

25. maí 2021

Norðurþing

Norðurþing
Pósthólf 54
640 Húsavík

Hafnarfjörður 17. maí 2021

Tilv. 2021-04-19-1746

Efni: Varðar hugsanlegt bann við netaveiði göngusilungs í sjó í Skjálfandaflóa 2021 - 2025.

Fiskistofa hefur nú til skoðunar að setja bann við netaveiði göngusilungs í sjó í Skjálfandaflóa til allt að fimm ára, 2021-2025, með birtingu reglna þar um í B-deild Stjórnartíðinda. Tilefni Fiskistofu fyrir því er að borist hefur ósk þess efnis frá Veiðifélagi Laxár í Aðaldal, Veiðifélags Mýrarkvíslar og Veiðifélags Reykjadalsár og Eyvindarlækjar. Veiðibann myndi gilda frá og með 10. júní til og með 10. ágúst, nánar tiltekið á svæðinu frá Brík við vestanverðan Skjálfanda (staður: 66° 6.103'N, 17° 48.753'V) að Tjörnesvita austanmegin (staður: 66° 12.520'N, 17° 8.682'V), sjá mynd. Meðfylgjandi er umsögn Hafnássóknastofnunar vegna fram lagðrar óskar, en Hafnássóknastofnun mælir með því að bann verði lagt við veiðunum þar til ástand stofnanna batnar frá því sem nú er.

Megintilgangur þessara aðgerða yrði tvíþættur:

1. Að koma í veg fyrir blóraveiði á laxi í silungsnet á göngutíma laxa, en veiðar á laxi í silunganet geta verið verulegar á þessum tíma.
2. Til verndar bleikjustofna á áhrifasvæði mögulegs banns þar sem viðkomandi stofnar eru ekki taldir hafa veiðipol miðað við núverandi stöðu þeirra.

Heimild Fiskistofu til takmarkana á veiði hér að lútandi kemur fram í 5. - 6. mgr. 15. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, en þar segir m.a.:

„Fiskistofu er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, sem hagsmunu eiga að gæta heimilt með reglum að takmarka eða banna á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma veiði silungs samkvæmt grein þessari, ef slíkt er nauðsynlegt, til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötn.“

Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 5. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara. Fiskistofa setur nánari reglur um netaveiði göngusilungs í sjó.“

Í þessu sambandi þykir Fiskistofu rétt að vekja athygli á 14. gr. sömu laga, en þar segir:

„Ekki má veiða lax í sjó. Veiðist lax í veiðitæki í sjó skal sleppa honum strax aftur.“

Ennfremur 1. og 2. mgr. 15. gr. sömu laga:


„Ekki má veiða göngusilung í sjó. Slíkar veiðar eru þó heimilar í netlögum sjávarjarða og skulu þær hlíta sömu reglum og veiði silungs í ósöltu vatni eftir því sem við getur átt.“

Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957.“



Teljið þér að jörð yðar, Saltvík (landnúmer: 154011), uppfylli framangreind skilyrði og hafi átt rétt til netalagna síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957, er yður gefinn kostur á að gera athugasemdir við mögulegar takmarkanir á netaveiði göngusilungs. Skal það gert skriflega til Fiskistofu, merkt 2021-04-19-1746, eigi síðar en 4. júní á tölvupóstfang stofnunarinnar: fiskistofa@fiskistofa.is

Virðingarfyllst,
Fiskistofa


Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax og silungsveiðisviðs



Hugsanlegt bann við netaveiði göngusilungs í sjó í Skjálfandaflóa 2021 - 2023 á svæði frá Brík við vestanverðan Skjálfanda (staður: 66° 6.103'N, 17° 48.753'V) að Tjörnesvita austanmegin (staður: 66° 12.520'N, 17° 8.682'V).

Hafnarfirði 12. 05.2021.
MFRI-2021-04.103

Fiskistofa
Lax- og silungsveiðisvið
B.t. Guðni Magnús Eiríksson
Dalshrauni 1
220 Hafnarfirði

Efni: Umsögn Hafrannsóknastofnunar um bann við netaveiði á göngusilungi í sjó við Skjálfandaflóa.

Fiskistofa óskaði með tölvuskeyti dagsettu 19. apríl s.l. eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkomna ósk veiðifélaga á vatnasvæði Laxár í Aðaldal um að bann verði sett við netaveiði á göngusilungi í sjó við Skjálfandaflóa. Í erindi veiðifélaganna kemur fram að m.a. er um að ræða netalagnir til silungsveiða í landi Húsavíkurkaupstaðar, en þar munu hafa verið seldar 10 silungsveiðilagnir á ári.

Óskaði Fiskistofa eftir ráðgjöf varðandi bannið og afmörkun þess með, þ.e.

„Telur Hafrannsóknastofnun að rétt sé að bann verði lagt við netaveiði í sjó, eða telur stofnunin að hægt verði að grípa til vægari úrræða?“

„Jafnframt óskar Fiskistofa eftir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um afmörkun á því svæði sem rétt væri að takmarka eða banna netaveiðar á „

Eins og fram kemur í erindi veiðifélaganna hefur laxgengd á vatnasvæði Laxár í Aðaldal dalað mjög á undanförnum árum. Gripið hefur verið til mikilla veiðitakmarkana á vatnasvæðinu og er nú í veiðireglum að öllum laxi skuli sleppt aftur úr stangveiði, en það er m.a. gert samkvæmt veiðiráðgjöf (Guðni Guðbergsson 2020) og meirihluta veiddra silunga er sleppt. Árlega sjást netaförlöxum sem veiðast í Laxá og sögusagnir heyrast um ólöglegra veiði. Ekki er vitað með vissu hvar þau net kunna að vera eða hvort þar sé um að ræða net sem ætluð eru til silungsveiða, net fyrir aðrar fisktegundir eða net til ólöglegra laxveiða. Netaförlöxum til þess að net af einhverjum toga séu í gönguleð laxa og því líklegri til að hafa áhrif eftir því sem þau eru nær árósum.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu voru 9 af 10 veittum leyfum til silungsveiða í sjó fyrir landi Húsavíkur nýtt sumarið 2020. Hvert leyfi var fyrir einu neti. Alls voru skráðar 72 bleikjur (71,4 kg) og 4 urriðar (7,4 kg) í veiðiskýrslur, auk þess sem í eina skýrslu voru skráðir 8 fiskar sem voru einhver önnur fisktegund (skráð) en urriði eða bleikja, alls 22,9 kg. Ekki var gefið upp um hvaða aðra fisktegund var að ræða en meðalþyngdin er 2,86 kg sem gefur til kynna að um nokkuð stóra fiska sé að ræða. Þessi stærð fiska er meiri sú sem samsvarar kjörlengd í veiðni möskva silunganeta en stærri fiskar geta veiðist

en sú sem möskvastærðin er miðuð við. Ekki er hægt að fullyrða hvort hér hafi getað verið um lax að ræða þótt stærðin sé sambærileg við smálax. Samkvæmt veiðiskýrslum var um a.m.k. 46 lagna daga/nætur að ræða, sem gerir um 1,8 fiska í lögn að meðaltali. Ekki liggur fyrir samanburður við fyrri ár, en draga má þá ályktun að ekki sé um mikla veiðivon að ræða sem einnig bendir til að sa veiðistofn sem veitt er úr sé ekki mjög stór.

Sú silungsveiði sem um ræðir er einkum veiði á sjóbleikju en hún líkt og aðrir sjógöngustofnar laxfiska hér á landi hrygnir í ám þar sem seiðin alast upp en ganga síðan á fæðuslóð í sjó. Almennt hefur bleikjustofnum hér á landi hnignað á undanförnum árum, ekki síst sjóbleikju (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2020). Þegar stofnar minnka mikið kemur að því að veiðipol þeirra minnkar og þeir standi ekki lengur undir veiði án þess að veiðin leiði til og flýti fyrir hnignun viðkomandi stofns. Á sama tíma og bleikjustofnum hefur hnignað, hefur sjóbirtingi almennt fjölgæð samkvæmt veiðitölum úr ám en afar sjaldgæft er að sjóbirtingur sé skráður í netaveiði í sjó hér við land. Þessi þróun hefur einnig komið fram á sama hátt og á sama tíma í Norður-Noregi. Laxastofnar á þessum svæðum hafa aftur á móti ekki sýnt sambærilega þróun þótt sveiflur geti verið á milli ára (Svenning et al. 2021). Veiði á göngusilungi í ám við Öxarfjörð hefur ekki sýnt samskonar hnignun og í Laxá, en í Eyjafirði hafa bleikjustofnar minnkað en sjóbirtingur staækkað. Almennt hefur verið aukning í laxveiði í ám sem falla í Þistilfjörð á sama tíma og veiði í Laxá hefur dalað verulega.

Ljóst er að göngusilungur sem veiðist í net í sjó á uppruna sinn í fersku vatni þar sem hann hrygnir og seiði alast upp fyrir sjögöngu. Hvaðan sá fiskur er upprunninn sem veiðist í Skjálfandaflóa er ekki þekkt, en væntanlega er hann úr nærliggjandi ám. Þegar veitt er úr blönduðum stofnum geta litlir stofnar verið undir miklu veiðíalagi án þess að það komi fram á heildarveiðitölum. Jafnframt getur hátt veiðíalag valið gegn ákveðnum erfðaeiginleikum sem geta verið mikilvægir fyrir afkomu stofnanna. Á alþjóðavísu er almennt hvatt til þess að gætt sé sérstakrar varúðar þegar veitt er úr blönduðum stofnum og að veiðiráðgjöf og nýting byggist á þekkingu.

Markmið laga um lax- og silungsveiði kveður á um að veiðinýting skuli vera sjálfbær og að veiðifélög og veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skuli setja nýtingaráætlanir til að miða veiði út frá veiðipoli og miða við að stærð hrygningarstofna fari ekki undir þau mörk að þeir skili hámarks afrakstri. Ekki er ljóst hvernig veiðifélög eigi að geta gert nýtingaráætlanir þegar hluti veiðinnar er óskráð veiði í sjó og uppruni þeirra fiska sem veiðast er óþekktur. Ef veitt er umfram veiðipol telst nýtingin ekki sjálfbær og stofnar minnka sem þá hefur einnig áhrif til minnkunar á afla í net í sjó. Skyldur þeirra sem eiga silungsveiðirétt í sjó til að uppfylla skilyrði um sjálfbæra nýtingu eru ekki ljósar í lögunum, en út frá líffræðilegu sjónarmiði ætti sú veiði einnig að vera tekin inn í nýtingaráætlanir fyrir viðkomandi stofna. Þannig ættu hagsmunir þeirra sem veiða í sjó og í ám að fara saman hvað varðar að tryggja hámarksrafkstur þeirra stofna sem veitt er úr.

Vitað er að veiðar á silungi í sjó og áhrif þeirra á sjálfbæra nýtingu silungastofna hafa valdið áhyggjum innan veiðifélaga annars staðar á landinu og dæmi er um að leitað hafi verið eftir samskonar banni við silungsveiði í sjó, vegna bágrar stöðu sjóbleikju. Frá árinu 2015 hefur verið bann við veiði á silungi í Faxaflóa.

Hafrannsóknastofnun getur staðfest út frá fyrilliggjandi gögnum að stofnstærð göngufiska á vatnasvæði Laxár hefur minnkað verulega á síðustu árum (Guðni Guðbergsson 2020). Það á einnig almennt við um sjóbleikjustofna við Ísland. Heildarveiði á bleikju í ám við Skjálfandaflóa hefur verið undir langtíma meðaltali á síðustu árum. Stofnunin telur brýnt að auka þekkingu á bleikjustofnum almennt, þ.m.t. við Skjálfanda, til að fá betri þekkingu á stofnum sem þar eru og stöðu þeirra í heild. Afar mikilvægt er að þekkja stofnstærðir og veiðipol viðkomandi stofna. Fyrsta skrefið er skráning veiði en einnig er hægt að gera rannsóknir með aðferðum erfðafræði, bæði til að meta skyldleika stofna og

mæla stofnstærðir. Greining aldurs og vaxtar í hreistri og kvörnum getur skilað mikilsverðum upplýsingum um uppruna og lífsögu. Merkingar fiska geta gefið upplýsingar um uppruna, vöxt og far fiska, að því tilskyldu að upplýsingar um veidda fiska skili sér. Almennt eru beitarsvæði göngusilunga með ströndum í nágrenni heimaár, en þekkt er að fæðugöngur silungs í sjó hér við land geta verið a.m.k. 90 km frá þeirra heimaá (Sigurður Guðjónsson 1989). Í Noregi eru lengri göngur þekktar hjá sjóbleikju eða allt að 700 km þótt algengast sé að beitarsvæði hennar séu í nágrenni heimaár (Klemetsen o.fl. 2003).

Ljóst að fiskstofnar á vatnasvæði Laxár eiga undir högg að sækja og að stærð göngustofna þeirra er í sögulegu lágmarki. Veiðireglur í ánum kveða á um að öllum löxum skuli sleppt í stangveiði en veiðifélögum ber að hafa nýtingaráætlunar til sem eiga að miðast við að veiðinýting sé sjálfbær. Varasamt geti verið að stunda silungsveiðar í sjó í nágrenni árinnar, bæði vegna mögulegs meðafla á laxi í netin og vegna óvissu um uppruna og stöðu þeirra sjóbleikjustofna sem veitt er úr.

Varðandi það hvort hægt sé að grípa til vægari úrræða en veiðibanns benda veiðiskýrslur úr netaveiðinni til þess að um smáa stofna sé að ræða líkt og lækkandi veiðitolur úr ánum gefa til kynna. Netaveiðin dreifist á júní, júlí og ágúst sem eru þeir mánuðir sem bleikja og sjóbirtingur er í sjó og lax að ganga í árnar. Stytting veiðitíma og fækkun neta myndi draga úr sókn og afla og minnka líkur á að lax veiðist sem meðafl einkum á þeim tíma sem laxgöngur eru mestar. Tímasetning göngu sjóbleikju og sjábirtings og dreifing þeirra á beitarsvæðum í sjó í Skjálfanda er ekki þekkt og því ekki hægt að taka afstöðu til áhrifa af breyttum veiðitíma án frekari rannsókna.

Varðandi afmörkun veiðisvæðis eru líkur til að beitarsvæði göngusilungs af vatnasvæði Laxár sé að mestu innan Skjálfandaflóa frá Tjörnesi að Fjörðum. Hafrannsóknastofnun er ekki kunnugt um aðrar sjávarlagnir í silungsveiði við Skjálfanda og því einungis um þessar tilteknu 10 lagnir að ræða sem takmarkanir snúast um. Hvort göngusilungur úr Öxarfirði eða ánum í Fjörðum sæki inn á þetta svæði er ekki þekkt. Til að svara spurningunni um frekari afmörkun veiðisvæðis með meiri vissu þyrfti að gera rannsóknir á göngum fiska og búsvæðanotkun þeirra.

Að framansögðu og með vísan til varúðarreglu telur Hafrannsóknastofnum rétt að leggja bann silungsveiðum í net í sjó við Skjálfanda þar til ástand stofnanna batnar frá því sem nú er.

Virðingarfyllst,

Guðni Guðbergsson

Guðni Guðbergsson

Heimildir:

Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2020. Lax- og silungsveiðin 2019. Haf- og vatnarannsóknir, HV 2020-38. 41. bls.

Guðni Guðbergsson og Jóhannes Guðbrandsson 2020. Laxá í Aðaldal 2019. Seiðabúskapur, veiði og endurheimtur gönguseiða. HV 2020-48. 60 bls.

Klemetsen A, Amundsen P-A, Dempson JB, Jonsson B, Jonsson N, O'Connell MF, Mortensen E. 2003. Atlantic salmon *Salmo salar* L., brown trout *Salmo trutta* L. and Arctic charr *Salvelinus alpinus* (L.): a review of aspects of their life histories. *Ecology of Freshwater Fish* 2003; 12: 1–59.

Sigurður Guðjónsson 1989. Migration of anadromous Arctic charr (*Salvelinus alpinus* L.) in a glacier river, River Blanda, North-Iceland. Bls. 116-123. Í: Proceedings of the Salmonid migration and distribution symposium, E. Brannon og B. Jonsson (ritstj.). Prándheimi júní 1987.

Svenning. M.A., Falkegaard, M., Dempson, J.B., Power, M., Braadsen, B-J., Gudbergsson, G. Og Fauchald, P. 2021. Freshwater Biology. 2021; 00:1-14. <http://doi.org/10.1111/fwb.13693>